

Myndbandið “Hvernig verður mjólkinn til? Hluti 2”

Vísbendingar og ítarefni

Markmiðið er að miðla eftirfarandi þáttum:

- mismunandi fjós og mjaltakerfi í nærsýn
- þrjú raunveruleg dæmi, hversdaginn sýndur – ekkert uppstillt
- hvernig nær maður mjólk úr júgrinu/spennum: handmjólkun í nærmynd
- mjaltavélar líkja þessu eftir og nota auk þess sog eins og kálfurinn
- dæmi básafjós með rörmjaltakerfi (Brautarholt, Hrútafirði)
- dæmi lausagöngufjós með mjaltagryfju (Breiðilækur, Barðaströnd)
- dæmi lausagöngufjós með mjaltapjón (“róbot”)(Tannstaðabakki, Hrútafirði)

Bændur sem vilja selja mjólkina sína verða að nota mjaltavélar til að fullnægja hreinlætiskröfum. Mjaltavélar eru hluti af lokuðu kerfi sem skilar mjólkinni beint í mjólkurtankinn. Mjólkurbíll sækir hana reglulega úr tanknum og fer með hana á mjólkurstöð þar sem hún er gerilsneidd og ýmis konar mjólkurvörur framleiddar, sem fara svo í verslanir.

Í marga áratugi var básafjós með rörmjaltakerfi á nærri öllum kúabúum. Í dag heyrja þess háttar fjós til undantekninga, lausagöngufjós eru komin í staðinn. Sum þeirra eru með mjaltagryfju, önnur með mjaltapjón (“róbot”). Bæði mjaltakerfin eru með sína kosti og galla, þess vegna er róbotinn ekki endilega æðsta stig þróunarinnar – bændur velja markvisst hvort gryfja eða mjaltapjónn hentar þeim best.

Kýrnar læra á hvert kerfið fyrir sig og þær eru yfirleitt sáttar. Ólíkt kindum og hestum eru þær frekar viðkvæmar fyrir bleytu og ef fjósið er bjart og rúmt, þá líður þeim best þar ef veðrið er þeim ekki hagstætt. Mikilvægt er samt að þær komast út á beit á sumrin og samkvæmt reglum er á Íslandi meira að segja skylda að gera það – bara örfáir bændur uppfylla þessa kröfu ekki og komast upp með það í einhvern tíma.

Þrátt fyrir skítmokstur nokkrum sinnum á dag geta kýrnar óhreinkast á fótunum og eðlilega eru klaufirnar oft aðeins skítugar – en kúnum er yfirleitt sama um það. Mjólkinn er þrátt fyrir þetta hrein, þar sem spenarnir eru þvegnir vandlega fyrir mjaltir og vegna þess að mjólkinn fer beint í rörkerfið og í tankinn, þar sem hún er kæld niður.

Það er athyglisvert að horfa á kýrnar sérstaklega, hvernig þær haga sér og hvernig þeim líður í mjaltaferlinu. Auk þess finnst mörgum börnum spennandi að sjá tæknina á bak við mjaltir, þess vegna sýna myndböndin einnig mörg smáatriði þar.

Meira um efnið:

- Myndbandið “Íslenskt búfé (landnámskynin), hluti 4: kýrin”

Tillögur að spurningum eftir að hafa horft á myndbandið:

- Hvaða fjósa- og mjaltakerfi var algengast áður fyrr?
- Hver er helsti munurinn á kerfi með mjaltagryfju og mjaltapjóni?
- Að vissu leyti er mjaltapjónn eins og kálfur – hvers vegna?
- Munið þið hvað tölvan í mjaltagryfunni er að mæla við hverja kú?
- Hvað fannst ykkur sérstaklega spennandi þarna í þessum fjósum?
- *Í sveitinni, spurning fyrir börn á kúabú:* Hvaða mjaltakerfi er heima hjá þér? Veistu hvaða kosti þetta kerfi er með?

Ertu með athugasemdir eða spurningar? Hafðu samband: forvitni@forvitni.net